

RÍÓ

297 tbl. október 2018

MYNDIR

mánaðarins



**JOHNNY
ENGLISH**
**STRIKES
AGAIN**

-Finndu mýktina í Milka-



Milka

Fyrir mjúku hliðina...

ONE GIANT LEAP INTO THE UNKNOWN

NÝTT
Í BÍÓ

FRUMSÝND
12. OKT.

RYAN GOSLING CLAIRE FOY

FIRST MAN

FROM THE ACADEMY AWARD-WINNING DIRECTOR OF LA LA LAND

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

KRINGLAN  SAMBÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

Októberveislan

Með október hefst síðasti ársfjórðungurinn en hann hefur löngum verið sá árstími þegar flestar af þeim myndum eru frumsýndar sem keppa munu til verðlauna á hinum ýmsu kvikmyndahátíðum þegar árið verður gert upp. Á því er engin breyting í ár og á dagskrá mánaðarins eru t.d. myndirnar *A Star Is Born* og *First Man* sem þykja mjög líklegar til að blanda sér slaginn um hin ýmsu verðlaun, ekki síst þann eftirsótta titil „besta mynd ársins“. Að öðru leyti eru auðvitað margar aðrar áhugaverðar myndir á dagskrá eins og sjá má hér fyrir neðan og þegar blaðinu er flett áfram:

5. okt. <i>A Star Is Born</i>	Bls. 16
5. okt. <i>Johnny English</i>	Bls. 18
12. okt. <i>Venom</i>	Bls. 20
12. okt. <i>First Man</i>	Bls. 22
12. okt. <i>Undir halastjörnu</i>	Bls. 23
12. okt. <i>Grami göldrótti</i>	Bls. 24
19. okt. <i>The Music of Silence</i>	Bls. 25
19. okt. <i>Billionaire Boys Club</i>	Bls. 25
19. okt. <i>Bad Times at El Royale</i>	Bls. 26
26. okt. <i>Halloween</i>	Bls. 27
26. okt. <i>Belleville Cop</i>	Bls. 28
26. okt. <i>Hunter Killer</i>	Bls. 29

Eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á BluRay, DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á nokkrum nýjum tölvuleikjum.

- Góða skemmtun!

Viltu vinna bíomiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá broskallinn og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna lítinn broskall sem faldi sig inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 😊

Ef þú finnur broskallinn og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem broskallinn er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. október**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok október.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu hjartað:

Karen Welker Pétursdóttir, Helluvaði 1, 110 Reykjavík
Pétur Þorleifsson, Álíheimum 42, 104 Reykjavík
Ásgeir Valgarðsson, Eyrarholti 18, 220 Hafnarfirði
Þorgerður Pétursdóttir, Borgarvegi 23, 260 Reykjanesbæ
Árni Steingrímsson, Sóleyjaríma 7, 112 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

297. töl. október 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök





**BRJÓTTU UPP DAGINN
MEÐ KITKAT**





Ein umtalaðasta myndin í september vestur í Hollywood og víðar er án vafa mynd Bradleys Cooper, *A Star Is Born*. Myndin, sem fer í almenna dreifingu í október og verður t.d. frumsýnd hér á landi 5. október, hefur verið sýnd á kvikmyndahátíðum og það er skemmst frá því að segja að hvorki gagnrýnendur né almennir áhorfendur hafa haldið vatni af hrifningu. Við vissum það auðvitað fyrir að sagan væri góð og hjartnæm, enda búið að kvikmynda hana þrisvar sinnum áður, en það er mál manna að Bradley hafi samt sem áður tekist að gæða hana nýju lífi. Meðfylgjandi mynd var tekin af þeim Bradley og Lady Gaga á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem áhorfendur stóðu upp að sýningu lokinni og klöppuðu fyrir þeim í tíu mínútur.



Hér má sjá þau Claire Foy og Ryan Gosling sitja fyrir svörum á kvikmyndahátíðinni í Toronto 11. september þar sem kvikmyndin *First Man* var sýnd. Í henni leika þau hjónin Janet og Neil Armstrong, en Neil var eins og flestir vita fyrsti maðurinn til að stíga á tunglið. Fjallar myndin um þá tunglferð en ekki síður um undirbúninginn að ferðinni og sjónarhorn Janetar sem gat auðvitað ekki verið viss frekar en aðrir hvort ferðin myndi heppnast, enda hafði svona ferð aldrei verið farin áður. *First Man* hefur hlotið afar góða dóma bæði gagnrýnenda og almennra áhorfenda sem látið hafa álit sitt í ljós á netinu, en leikstjóri hennar er Damien Chazelle sem gerði *La La Land* og *Whiplash*.



Þessi mynd var tekin af Tom Hardy í Zaryadye-garðinum í Moskvu á dögunum þar sem hann og aðstandendur myndarinnar *Venom* ákváðu að hefja kynningarherferð sína á myndinni. Síðan þá hefur Tom svo ferðast um allan heim til að vera viðstaddur forsjningar á myndinni og heilsa upp á bæði eigin aðdáendur svo og aðdáendur Marvel-ofurhetjumyndanna, en *Venom* er fyrsta myndin í nýjum ofurhetjuheimi Marvel sem gerður verður í samvinnu við Sony-kvikmyndarísann á næstu árum. Nú bíða menn spenntir eftir að sjá hvaða viðtökur *Venom* fær í kvikmyndahúsum og vonandi verða þær góðar.



Þær Blake Lively og Anna Kendrick hafa einnig verið uppteknar á undanförunum vikum við að ferðast og kynna myndina *A Simple Favor* þar sem þær leika aðalhlutverkin en myndin, sem er í leikstjórn Pauls Feig (*Bridesmaids*, *The Heat*, *Spy*), er gerð eftir samnefndri skáldsögu Darcey Bell. *A Simple Favor* hefur hlotið mjög góða dóma, sérstaklega hjá þeim stóra hópi kvikmyndaáhugafólks sem kann að meta ráðgátur og skemmtilegar fléttur þar sem fátt er eins og það sýnist í fyrstu og atburðarásin kemur á óvart allt frá upphafi til enda. Nýbyrjað er að sýna myndina hér á landi og við hvetjum alla til að skella sér á hana.




X-Men-myndin *Dark Phoenix* er nú komin í lokavinnslu og bíða margir aðdáendur þessarar kvikmyndaseríu eftir fyrstu sýnishornunum, en myndina á svo að frumsýna í febrúar. Í henni er sögð upprunasaga Jane Grey og hvernig hún breytir sér í hina öflugu *Dark Phoenix*. Um leið lendir hún upp á kant við annað X-fólk og mikil barátta hefst.

Það er Sophie Turner (t.v.) sem fer með hlutverk Jean Grey/Dark Phoenix eins og hún gerði í *X-Men: Apocalypse*, en þessi nýja mynd gerist sennilega fyrir atburðina í henni. Við sögu koma gamlir kunningjar úr *X-Men*-myndunum s.s. Charles Xavier, Raven/Mystique, Erik Lehnsherr/Magneto, Hank McCoy/Beast, Scott Summers/Cyclops, Peter Maximoff/Quicksilver og Kurt Wagner/Nightcrawler og eru þeir sem fyrr leiknir af James McAvoy, Jennifer Lawrence, Michael Fassbender, Nicholas Hoult, Tye Sheridan, Evan Peters og Kodi Smit-McPhee. Auk þess leikur Jessica Chastain stórt hlutverk í myndinni og er það í fyrsta sinn sem hún leikur í ofurhetjumynd. Leikstjóri er Simon Kinberg.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



NÝR AYGO

KOMASO



VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá:
1.840.000 kr.

Nýr AYGO státar af nýju útliti og enn glæsilegra innanrými með beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir Aygo



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Í september var fyrsta stiklan úr hinnu væntanlegu mynd *Captain Marvel* frumsýnd og er óhætt að segja að henni hafi verið vel tekið af Marvel-aðdáendum enda alveg þrælgóð. Hún byrjar á því að Carol Danvers, þ.e. Captain Marvel (Brie Larson), fellur hreinlega af himnum ofan og lendir á Bloobuster-myndbandaleigu. Skömmu síðar hittast þau Nick Fury í fyrsta sinn og það er nokkuð ljóst að Carol er ekki með uppruna sinn á hreinu, a.m.k. ekki til að byrja með. Þeir sem sáu bláendinn á *Avengers: Infinity War* vita að eftir að Thanos þurrkar út helminginn af öllum ofurhetjum Marvel stendur það upp á Captain Marvel að bjarga málunum. Hvernig hún á eftir að gera það er ekki leitt í ljós í stiklunni og reyndar er ekkert minnst á Thanos þar. Við sem bíðum eftir að fá að sjá hvað setur í þeim málum verðum því bara að bíða lengur, en myndin verður frumsýnd í mars á næsta ári. En kíkið endilega á þessa umræddu stiklu, hún er vel þess virði að sjá.



Áhugafólk um áhugaverðar myndir sem eru ekki komnar í almenna dreifingu ættu að kynna sér nýjustu mynd leikstjórans Peters Farrelly, *Green Book*, sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í september og hlaut þar fyrstu verðlaun fyrir leikstjórnina. Myndin gerist á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá þeldökkum píanóleikara, Don Shirley, sem ákveður að fara í tónleikaferð um Suðurríki Bandaríkjanna. Fyrir mann eins og hann er slík ferð hreint og beint lífshættuleg og því ræður hann í sína þjónustu hvítan útkastara og lífvörð að nafni Tony Lip. Tony þessi virðist í fyrstu vera hið mesta hörkutól sem lætur engan vaða yfir sig en eftir því sem þeir Don kynnast betur og betur kemur í ljós að þeir eiga mun meira sameiginlegt en sýnist í fyrstu. Þeir Don og Tony þykja snilldarlega vel leiknir af Mahershala Ali og Viggo Mortensen og spá margir því að þeir verði báðir tilnefndir til Óskarsverðlauna fyrir vikið. Kíkið á stikluna.



Við skrifuðum dálítið um myndina *Stan & Ollie* í síðasta blaði og vorum svo nýbúinir að senda blaðið í prentun þegar fyrsta stiklan úr henni var frumsýnd. Er skemmt frá því að segja að hún er alveg frábær og gefur eiginlega meira en góða von um að hér sé um að ræða eina af myndum ársins 2018. Þótt stiklan sé bara rúmar tvær mínútur má glögglega sjá í henni að þeir John C. Reilly og Steve Coogan ná ekki bara að túlka þá Stan Laurel og Oliver Hardy vel heldur hreinlega verða þeir að þessum mönnum, svona rétt eins og sagt var einu sinni um Charle Chaplin, að þegar hann þurfti að leika kjúkling þá lék hann ekki kjúkling heldur breyttist í kjúkling. Líklegt er að þeir John og Steve hafi fyrir gerð myndarinnar gjörþekkt taktana sem þeir Stan og Ollie urðu heimsfrægir fyrir á sínum tíma og vafalaust hefur það ekki skemmt fyrir að handritið er skrifað af Jeff Pope, sem hlaut fjölda verðlauna fyrir síðasta bíómyndahandrit sitt, *Philomena*. Þótt við hér á Myndum mánaðarins höfum ekki séð nema þessa einu stiklu úr *Stan & Ollie* ætlum við að leyfa okkur að spá því hiklaust að hún verði tilnefnd til fjölda verðlauna, að minnsta kosti fyrir leik, handrit og sem besta mynd ársins, þegar kvikmyndaárið 2018 verður gert upp. *Stan & Ollie* fer í takmarkaða dreifingu í Bandaríkjunum fyrir áramót en verður ekki frumsýnd í Evrópu fyrr en í janúar á næsta ári.



Fáar ljósmyndir sem tengjast væntanlegum kvikmyndum vöktu jafnmikla athygli í septembermánuði og þessi mynd af Joaquin Phoenix sem þarna er í hlutverki Arthurs Fleck. Það nafn þekkjja sennilega fáir en Arthur þessi á heldur betur eftir að láta til sín taka þegar hann breytist í einn af erkióvinum Batmans, Jóker. Það er einmitt nafnið á nýrri mynd um hann sem Todd Phillips (*Hangover*-myndirnar, *Old School*) leikstýrir og væntanleg er í kvikmyndahús eftir nákvæmlega eitt ár, eða í október 2019. Með önnur helstu hlutverk fara Robert De Niro, Zazie Beetz og Brett Cullen en fyrir utan að við vitum að um upprunasögu Jókers er að ræða hefur ekkert verið látið uppi um söguþráð myndarinnar. Við bíðum því róleg fram á næsta ár.

KFC®

DOUBLE DOUBLE DOWN

ALVÖRU KJÚKLINGALOKA

★ AÐEINS Í ★
TAKMARKAÐAN
TÍMA!



Kjúklingabringa + Beikon + Ostur + Sósa
Kjúklingabringa + Beikon + Ostur + Sósa

1.299 KR.

box

KJÚKLINGALOKA, ÞRÍR
HOT WINGS, FRANSKAR,
GOS OG HRAUN.

1.999 KR.






Því er ekki að neita að þær eru vígalegar á að líta leikkonurnar Saoirse Ronan og Margot Robbie hér að ofan þar sem þær eru í hlutverkum sínum sem Mary Stúart Skotadrottning annars vegar og hins vegar sem Elísabet 1 Englandsdrottning í væntanlegri mynd leikstjórans Josies Rourke, *Mary Queen of Scots*, sem frumsýna á í janúar. Myndin er byggð á bók Johns Guy og segir frá því þegar Mary Stúart, sem var réttborin drottning Skota, sneri til Skotlands á ný eftir að hafa alist upp í Frakklandi frá unga aldri. Margir, þar á meðal hún sjálf, töldu hana einnig eiga tilkall til ensku krúnunnar, en því var Elísabet að sjálfsgöðu ekki sammála. Eftir að Mary hafði lent í vandræðum heima fyrir sem tengdust hjónabandi hennar og James Hepburn leitaði hún á náðir Elísabetar árið 1567. Þær stóllur voru í raun ekki óvinir en þar sem Mary hafði gert tilkall til ensku krúnunnar og naut stuðnings uppreisnarhóps sem studdi þá kröfu þá þorði Elísabet ekki að styðja hana og í gang fór mikil barátta sem við förum ekki nánar út í hér. *Mary Queen of Scots* er ein af þeim myndum sem er spáð góðu gengi á verðlaunahátíðum næsta árs og við bíðum spennt að sjá hvað verður.



Hér sjáum við bandaríska leikstjórnann, handritshöfundinn og framleiðandann Cary Joji Fukunaga sem m.a. gerði 2011-myndina *Jane Eyre* og síðan hina áhrifaríku *Beasts of No Nation* árið 2015 auk þess að vera aðalhöfundur sjónvarpsþáttanna *Maniac* sem notið hafa mikilla vinsælda að undanförmu. Nýlega var tilkynnt að Cary hefði verið ráðinn leikstjóri næstu *James Bond*-myndar, þeirrar 25. í röðinni, í kjölfar þess að Danny Boyle sagði sig frá verkefninu vegna „listræns ágreinings“ við framleiðendur hennar. Myndin á að vera tilbúin í febrúar 2020 og eru miklar vonir bundnar við að Cary eigi eftir að viðhalda vinsældum Bonds og gott betur, enda frábær leikstjóri eins og fyrri myndir hans hafa sýnt svo glögglega. Við sendum honum a.m.k. góða straua!



Það eru heil 40 ár á milli þessara tveggja mynda sem teknar voru af þeim John Carpenter leikstjóra og leikkonunni Jamie Lee Curtis. Sú fyrri var tekin árið 1978 þegar Jamie lék aðalhlutverkið í mynd Carpenters, *Halloween*, og sú seinni var tekin í sumar eftir að tókum á nýrri *Halloween*-mynd lauk en Carpenter var einn af framleiðendum hennar og listrænn ráðgjafi. Nýja myndin gerist líka 40 árum eftir atburðina í þeirri fyrri og Jamie leikur sömu persónuna og þar, Laurie Strode, sem nú fær loksins tækifæri til að gera upp sakirnar við morðingjann Michael Myers. Sjá nánar um myndina á blaðsíðu 27.

A STAR IS BORN

BRADLEY COOPER
LADY GAGA

“A masterpiece. A movie for the ages”
– American Cinematographer –

“Bradley Cooper is simply staggering”
– Empire –


“Lady Gaga delivers a knockout
performance”
– Time –

“A total emotional knockout”
– Variety –

FRUMSÝND 5. OKTÓBER

“Bradley Cooper and Lady Gaga
will leave you wowed”
– Variety –

“A Star is Born is perfect”
– Rolling Stone –






Hér sjást saman þau John Cena, leikstjórinn Travis Knight, Jorge Lendeborg Jr. og Hailee Steinfeld á kynningu á myndinni *Bumblebee* sem frumsýna á um jólin. Hér er um að ræða svokallað „spin-off“ frá *Transformer*-myndum Michaels Bay þar sem upprunasögu eins af vélmennunum, Bumblebees, eru gerð skil og gerist sagan nokkru áður en atburðarásin í *Transformer*-myndunum átti sér stað. Um leið gæti þetta orðið fyrsta myndin í nýrri seríu þar sem uppruna allra vélmennanna verða gerð sams konar skil, en það fer væntanlega eftir gengi *Bumblebee* hvort af því verður. Ljóst er að efnistökin í henni verða öðruvísi en hjá Michael Bay en leikstjórinn, Travis Knight, sem hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, gerði m.a. teiknimyndina frábæru, *Kubo and the Two Strings*, og var einn af aðalhöfundum myndanna *The Boxtrolls*, *ParaNorman* og *Coraline*. Fyrsta stíklan er komin á netið og lofar góðu og hvetjum við alla til að kynna sér hana.



Tökur á öðrum kafla Stephen King-sögunnar *It* hafa verið á fullu að undanförunu undir stjórn Andys Muschietti sem leikstýrði einnig fyrri myndinni með þeim góða árangri að hún halaði inn meira en 700 milljónir dollara í kvikmyndahúsum heimsins í fyrra. Eins og þeir vita sem þekjja söguna gerist kafla tvö 27 árum eftir atburðina í fyrri kaflanum og krakkarnir sem lifðu af viðureignina við trúðinn Pennywise eru ekki bara fyrir löngu fluttir burtu úr bænum Derry heldur ætlar enginn þeirra nokkurn tíma að snúa aftur. En þá gerist nokkuð sem neyðir þau til að endurskoða þá ákvörðun. Með aðalhlutverkin í þetta sinn fara þau Jessica Chastain, James McAvoy, Bill Hader, Sophia Lillis, Finn Wolfhard og Jay Ryan ásamt Bill Skarsgård sem eins og sést á meðfylgjandi mynd bregður sér á ný í hlutverk Pennywise. *It: Chapter Two* verður frumsýnd 6. september 2019.



Nýlega var tilkynnt að Warner Bros-kvikmynda-fyrirtækið hefði ráðið Mel Gibson til að leikstýra mynd sem byggja ætti á einum frægasta vestra kvikmyndasögunnar, *The Wild Bunch*, sem Sam Peckinpah gerði árið 1969. Mel er einnig ætlað að skrifa handritið í samvinnu við Bryan Bagby og vera einn af meðframleiðendum myndarinnar. Engar upplýsingar eru gefnar um hvenær áætlað er að tökur hefjist og því síður hvenær vænta má að myndin verði frumsýnd. Ekki er heldur ljóst hvort um beina endurgerð verður að ræða eða hvort Mel muni breyta sögunni.

The Wild Bunch fjallar um nokkra byssmenn í villta vestrinu sem farnir eru að eldast og ákveða að fara í eitt lokaverkefni áður en þeir snúa sér að öðru eða setjast jafnvel í helgan stein. Sú áætlun á ekki eftir að fara eins og þeir hefðu helst viljað, heldur þvert á móti. Með aðalhlutverkin í gömlu myndinni fóru margar af stórstjörnum þess tíma og sennilega verður það sama uppi á teningunum þegar að því kemur að ráða í hlutverk nýju myndarinnar. En þetta kemur allt í ljós.



Félagarnir Jason Blum og Christopher Landon hafa haft fulla ástæðu til að hlæja dátt síðan mynd þeirra, *Happy Death Day*, gerði það gott í kvikmyndahúsum í fyrra enda kostaði hún ekki nema 4,5 milljónir dollara í framleiðslu en halaði síðan inn rúmlega 122 milljónir í miðasölu. Það varð því strax ljóst að þeir myndu gera framhald og nýlega var upplýst að frumsýningardagur *Happy Death Day 2* yrði 14. febrúar á næsta ári, þ.e. á Valentínusardag. Með aðalhlutverkið fer sú sama og síðast, Jessica Rothe, og nú er bara að bíða og sjá í hvaða svakalegu hremmingum hún lendir í þetta sinn.



Eftir að kvikmyndaveislu októbermánaðar lýkur tekur nóvemberveislan við þar sem kvikmyndaáhugafólki verður boðið upp á fjölbreytt úrval nýrra mynda. Við rennum hér yfir sex af þeim þrettán myndum sem eru á dagskránni í nóvember og byrjum á einni sem margir bíða spenntir eftir, *Bohemian Rhapsody* eftir Bryan Singer.

Hún segir frá bresku hljómsveitinni Queen, allt frá stofnun hennar til þess tíma sem hún var búin að skapa sér nafn sem ein besta og vinsælasta hljómsveit heims og er sjónum að miklu leyti beint að söngvara hennar og andliti út á við, hinum hæfileikaríka Freddy Mercury sem lést eins og kunnugt er langt um aldur fram í nóvember árið 1991, aðeins 45 ára að aldri. Með hlutverk hans fer Rami Malek en í hlutverkum þeirra Johns Deacon, Rogers Taylor og Brians May eru þeir Joseph Mazzello, Ben Hardy og Gwilym Lee.



Rami Malek leikur Freddy Mercury í *Bohemian Rhapsody* og segir orðrómurinn að hann standi sig afburðavel í hlutverkinu.



Lisbeth Salander snýr aftur í bíó í nóvember þegar nýjasta myndin um hana og blaðamanninn Mikael Blomkvist verður frumsýnd. Myndin er gerð eftir fjórðu bókinni um þau en hún kom út 2015 og er eftir David Lagercrantz sem var fenginn til að halda áfram með sögurnar um þessar persónur sem Stieg Larsson skapaði áður en hann féll frá árið 2005. Sagan í þessari mynd gerist nokkrum árum eftir atburðina í *Loftkastalinn sem hrundi* og þau Lisbeth og Mikael hafa ekki talast við í langan tíma. Að því kemur þó auðvitað að leiðir þeirra liggja saman á ný við rannsókn dularfulls morðs.

Með hlutverk Lisbeth í þetta sinn fer enska leikkonan Claire Foy og í hlutverki Mikael er nú Sverrir Guðnason sem síðast túlkaði Björn Borg snilldarlega í myndinni *Borg McEnroe*. Um leikstjórnina sá hins vegar Fede Alvarez sem sendi síðast frá sér tryllinn *Don't Breathe*.



Það er Claire Foy sem leikur Lisbeth Salander að þessu sinni og í hlutverki Mikael Blomkvist er Íslendingurinn Sverrir Guðnason.



Hin sígilda saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jólonum frá íbúum Hver-bæjar kemur í bíó í nóvember í ferskum búningi fyrirtækisins Illumination sem gerði m.a. *Aulinn ég-myndirnar*, myndina um Skósveinana, *Syngdu* og *Leynilíf gæludýra*.

Trölli býr í fjalli fyrir ofan Hver-bæ sem eitt sinn var heimabær hans og lætur það fara alveg sérstaklega í taugarnar á sér þegar fyrrverandi nágrannar hans byrja að skreyta fyrir jólin, kaupa gjafir og gleðjast. Hann ákveður því að taka til sinna ráða, læðast inn í bæinn að næturlagi og hreinlega stela öllum gjöfunum og skreytingunum þannig að íbúarnir ná ekki að halda upp á jólin og verði jafnfúllyndir og hann er sjálfur. Það sem hann reiknar hins vegar ekki með er að þótt hann geti í sjálfu sér stolið því efnislega sem tengt er jólonum getur hvorki hann né nokkur annar stolið jólagleðinni sjálfri. Og hvað gerir Trölli þá?



Þegar Trölli stal jólonum er sígild og mjög myndin saga sem á alltaf erindi við alla, bæði börn og fullorðna.




Í nóvember er líka komið að öðrum kafla sögunnar um Newt Scamander og ævintýri hans í veröld töfra og töframanna sem eins og gengur eru misgóðir og mistraustir líkt og reynslan hefur sýnt. Fyrir utan Newt, sem Eddie Redmayne leikur á ný, hittum við að sjálfsgöðu vini hans úr fyrstu myndinni og marga nýja karaktera, meira að segja tvo sem leiknir eru af Ingvari E. Sigurðssyni og Ólafi Darra Ólafssyni. En aðalandstæðingur Newts að þessu sinni verður hinn valdagráðugi Gellert Grindelwald sem Johnny Depp leikur. Hann er sannarlega ekki allur þar sem hann er séður og á eftir að setja í gang alveg stórhættulega atburðarás sem Newt á í fullu fangi með að stöðva, jafnvel þótt hann njóti aðstoðar öflugra samherja, þ. á m. Albusar Dumbledore sem Jude Law leikur.

Fyrsta *Fantastic Beast*-myndin halaði inn um 814 milljónir dollara í kvikmyndahúsum og verður gaman að sjá hvort þessi geri betur.



Eddie Redmayne leikur sem fyrr hinn göldróttá Newt Scamander sem reynir að nota hæfileika sína til að gera líf annarra betra.



Nýjasta mynd Óskarsverðlaunaleikstjórans Steves McQueen, *Widows*, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto 9. september og hefur hlotið frábæra dóma þeirra sem séð hafa. Myndin sækir innblásturinn í samnefnda og mjög vinsæla sakamálapætti sem sýndir voru í bresku sjónvarpi á áttunda áratuginum og segir frá nokkrum konum sem missa eiginmenn sína eftir að þeir fremja bíráæfð rán sem fer úrskreiðis. Í fyrstu vita konurnar vart sitt rjúkandi ráð en svo kemur upp sú hugmynd að þær ljúki við ránið sem eiginmenn þeirra voru að reyna að fremja þegar þeir féllu.

Með hlutverk kvennanna fara þær Viola Davis, Michelle Rodriguez, Elizabeth Debicki og Cynthia Erivo en í öðrum stórum hlutverkum eru m.a. Colin Farrell, Liam Neeson, Daniel Kaluuya, Jacki Weaver, Carrie Coon, Robert Duvall, Jon Bernthal og Lukas Haas, eða með öðrum orðum pottþéttur leikhópur sem kann sitt fag.



Ekkjurnar ákveða að í staðinn fyrir að setjast niður og gefast upp þurfi þær að sýna hvað í þeim býr í eitt skipti fyrir öll.



Teiknimyndin *Wreck-It Ralph* sem Disney sendi frá sér árið 2012 hefur æ síðan notið mikilla vinsælda en hún sagði frá leikjapersónunni Ralph sem var orðinn dauðleiður á að vera alltaf vondi kallinn í leiknum og langaði að prófa eitthvað nýtt. Það tókst honum að lokum og í þessari framhaldsmynd, sem sögð er slá þá fyrri út í húmor og gæðum, lendir hann í nýjum ævintýrum þegar hann og besta vinkona hans, Vanellope, uppgötva að í gegnum Wi-Fi-beini, eða router, geta þau ferðast eins og þau vilja út í óravíddir internetsins. Þeirri tilbreytingu taka þau fegins hendi og vita auðvitað ekki að það er auðveldara að fara út en að komast heim aftur.

Tvær fyrsta flokks stiklur hafa verið frumsýndar úr *Ralph Breaks the Internet* og eru þær hvor annarri myndarinnar standa sömu aðilar og gerðu hina vinsælu teiknimynd *Zootropolis* árið 2016. *Ralph Breaks the Internet* verður frumsýnd 30. nóvember.




Þau Ralph og Vanellope lenda í kostlegum ævintýrum þegar þau finna leið til að ferðast um internetið alveg eins og þau vilja.

Meistaraverk

Tónlistarmaðurinn Jackson Maine má muna sinn fífl fegurri og þótt hann njóti enn hylli gamalla aðdáenda er ferill hans á fallanda fæti, ekki síst vegna óhóflegrar drykkju. Þegar hann hittir hina efnilegu leik- og söngkonu Ally má segja að hann fái nýtt markmið í lífinu: Að aðstoða Ally við að ná frægð og frama.

A Star Is Born er einstaklega góð og áhrifarík saga sem er fyrir löngu orðin sigild enda er þetta í fjórða sinn sem hún er kvikmynduð. Um leið er þetta fyrsta myndin sem Bradley Cooper leikstýrir og fyrsta bíómyndin sem Lady Gaga leikur aðalhlutverk í. Það er skemmt frá því að segja að myndin þykir algert meistaraverk sem lætur engan ósnortinn, enda er henni spáð gríðarlegum vinsældum þegar hún kemur á almennan markað 5. október eftir að hafa slegið rækilega í gegn á nokkrum kvikmyndahátíðum, þ. á m. á kvikmyndahátíðunum í Feneyjum og Toronto í ágúst og september.

Fyrir utan söguna sjálfa fá áhorfendur einnig sannkallaða tónlistarveislu beint í æð og lög sem eru stórkostlega flutt af bæði Lady Gaga og Bradley Cooper og hljómsveitunum sem við sögu koma ...



A Star Is Born

Drama / Tónlist



Aðalhlutverk: Bradley Cooper, Lady Gaga, Sam Elliott, Dave Chappelle, Anthony Ramos, Bonnie Somerville, Andrew Dice Clay og Michael Harney **Leikstjórn:** Bradley Cooper **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumnýnd 5. október



Veistu svarið?

Bradley Cooper hefur þrisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aðalhlutverki karla og það er alveg öruggt að hann verður tilnefndur enn á ný fyrir leik sinn í *A Star Is Born*. En hverjar eru hinar myndirnar þrjár?



Silver Linings Playbook, American Hustle og American Sniper



Bradley Cooper og Lady Gaga fara með aðalhlutverkin í myndinni, hlutverk Jacksons og Allyar, og þykja bæði sýna þvílíkan snilldarleik að nánast öruggt má telja að þau verði bæði tilnefnd til flestra helstu kvikmyndaverðlaunanna þegar kvikmyndaárið 2018 verður gert upp.

Punktar

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Globe & Mail*
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *IGN*
 ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair*
 ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
 ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter*
 ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *N. Y. Magazine*

• Eins og stjörnuþjófin hér fyrir ofan ber með sér hefur myndin farið vel í gagnrýnendur og er hún þegar þetta er skrifað með 8,7 í meðaleinkunn á Metacritic. Á Imdb.com er hún með 9,1 í meðaleinkunn frá rúmlega sex þúsund áhorfendum og á Rotten Tomatoes.com er hún með 9,5 frá gagnrýnendum og 9,7 frá notendum.

• Því má bæta við að nánast allir sem spá fyrir um Óskarsverðlaunin spá því að *A Star Is Born* verði tilnefnd til a.m.k. tíu Óskarsverðlauna, þ. á m. fyrir leikstjórn, leik í aðalhlutverkum, leik í aukahlutverki karla (Sam Elliott), tónlist, lag, kvikmyndun og sem besta mynd ársins.

• Mörg af tónlistaratriðum myndarinnar voru tekin upp á raunverulegum tónleikum Lady Gaga og geta áhugasamir flett þeim upp á netinu. Þess má að lokum geta að öll lögin sem flutt eru í myndinni eru tekin upp „live“ að kröfu Lady Gaga og að lokaatriði myndarinnar þykir eitt og sér algert meistaraverk sem verður lengi í minnum haft.

KAUPTU 3 ÓKEYPIS Í 4 MÁNUÐI DÓSIR OG FÁÐU STREYMI ÚRVALSTÓNLISTAR DEEZER



18+. Taktu þátt frá 04.06.2018 til 28.02.2019. Kauptu 3 kynningardósir til að fá 4 mánuði af Deezer Premium+ frítt. Innleysa verður Deezer-kóða fyrir 28.02.2019. Nota verður gilt debet- eða kreditkort. Fullt mánaðargjald fyrir Deezer Premium+ verður skuldfært sjálfkrafa nema þú segir ákrifinni upp í lok 4 mánaða tímabilsins. Núverandi notendur Deezer Premium+ geta ekki tekið þátt. Er ekki hægt að nota ef notandinn hefur þegar sótt ókeypis prufu eða eitthvert annað kynningartilboð. Einn á mann að hámarki. Finna má alla skilmála sem gilda um þátttöku á Pringles.com.



Johnny English Strikes Again



Gamanmynd



Aðalhlutverk: Rowan Atkinson, Olga Kurylenko, Emma Thompson, Ben Miller, Jake Lacy, Miranda Hennessy, Pippa Bennett-Warner og Adam James **Leikstjórn:** David Kerr **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 5. október



Veistu svarið?

Rowan Atkinson hefur allt frá því hann birtist fyrst í breskum gamanþáttum í sjónvarpi árið 1979 verið einn vinsælasti og virtasti gamanleikari Breta. Hvað hétu þessir sjónvarpsþættir?



Not the Nine O'Clock News.

Ekkert má fara úrskeiðis

Þegar voldug og stórhættuleg glæpasamtök komast yfir raunveruleg nöfn allra nýsónara bresku leyniþjónustunnar kemur ekkert annað til greina en að kalla í snjallasta nýsónara heims og fá hann til að fara í málið. Sá maður heitir Johnny English.

Já, Johnny English mætir aftur á svæðið 5. október til að ganga enn á ný á milli bols og höfuðs á óvinum Bretlands. Að vísu var hann sestur í helgan stein eftir áratugaþjónustu við ættjörðina en þar sem allir aðrir nýsónarar leyniþjónustunnar eru úr leik var einfaldlega ekki um aðra að ræða. Að sjálfsögðu skorast Johnny ekki undan þessari ábyrgð frekar en fyrri daginn og hefur strax að rannsaka málið ásamt dyggum aðstoðarmanni sínum, Bough. Grunurinn beinist fljótlega að hakkaragengi í Suður-Frakklandi og hinni fögru Ophelíu sem virðist vera höfuðpaur þess og aðalskipuleggjandi. Hvort það sé rétt eða ekki kemur í ljós en eins og allir vita er Johnny English manna snjallastur við að renna á rétta lykt ...



Rowan Atkinson er engum líkur og fer ávallt létt með að kætja áhorfendur með kostulegum tókum og svipbrigðum, svo ekki sé talað um það sem hann lætur Johnny English framkvæma!

Punktar

- Leikstjóri myndarinnar er David Kerr sem getið hefur sér gott orð í bresku sjónvarpi, síðast með gamanþáttunum *Inside No. 9*, og handritshöfundur er William Davies sem skrifaði einnig handrit fyrstu *Johnny English*-myndarinnar og söguna í mynd númer tvö. Þess má geta að *Johnny English Strikes Again* hefur þegar fengið það orð á sig að vera fyndnasta myndin af þessum þremur.



Emma Thompson leikur forsætisráðherra Bretlands sem verður að láta til sín taka þar sem MI-6 leyniþjónustan er í lamasessi.

**ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR**



ER MÁLIÐ!



Venom

Spenna / Hasar / Ofurhetjur



Aðalhlutverk: Tom Hardy, Michelle Williams, Riz Ahmed, Woody Harrelson, Jenny Slate, Sam Medina, Michelle Lee, Ron Cephas Jones og Marcella Bragio **Leikstjórn:** Ruben Fleischer **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Álfabakka og Egilshöll, og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 12. október



Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem Tom Hardy leikur í ofurhetjumynd en hann lék eins og flestir muna hinn öfluga andstæðing Batmans, Bane, í *The Dark Knight Rises* árið 2012. En hvaða tvær leikkonur léku aðalkvenhlutverkin í þeirri mynd?



Anne Hathaway og Marion Cotillard.

Sagan byrjar núna

Venom er nýjasta myndin frá Marvel og segir frá því þegar blaðamaðurinn Eddie Brock kemst í snertingu við dularfullt efni utan úr geimnum sem tekur sér bólfestu í honum og gerir honum kleift að breyta sér í ófrýnilegu ofurhetjuna Venom.

Karakterinn Eddie Brock kom fyrst fram í *Spider-Man*-sögunum árið 1986 en varð síðan að Venom í *The Amazing Spider-Man*-blaði nr. 300 árið 1988 þegar hann varð hýsill hins dularfulla geimefnis sem Peter Parker hafði reyndar hafnað að nota nokkrum árum fyrr. Vegna þess að Eddie og Peter hafði lent saman urðu þeir Venom og Spider-Man óvinir sem börðust m.a. í *The Amazing Spider-Man 3*-myndinni eins og þeir sem sáu hana muna vafalaust eftir.

Í þessari fyrstu mynd um Venom er þessari upprunasögu breytt þannig að Spider-Man-hluta hennar er sleppt og Eddie kemst í snertingu við efnið þegar hann rannsakar tilraunastöð vísindamannsins Carltons Drake, en Carlton hefur uppgötvað hvað efnið getur gert og ætlar sér að nota það í eigin þágu. Við þá fyrirætlun er Eddie ekki sáttur og eftir að hafa lent í miklum vandræðum við að ná stjórn á sínum nýju ofurkröftum lendir hann í hörkubaráttu við að stöðva Carlton og menn hans áður en það verður of seint ...



Blaðamaðurinn Eddie Brock hefur lifað tímana tvenna, en aldrei þó upplifað neitt sem býr hann undir að breytast í ofurhetjuna Venom.

Punktur

- *Venom* er ekki hluti af hinum sameinaða heimi Marvel-ofurhetjanna sem aðrar Marvel-myndir undanfarinna tíu ára hafa tilheyrt heldur er hún fyrsta myndin í nýjum Marvel-hliðarheimi sem framleiddur verður í samvinnu við Sony á næstu árum. Hvaða ofurhetjur það verða sem fylla munu þann heim fyrir utan Venom kemur svo í ljós á næstu mánuðum og árum. Fylgist með frá upphafi!



Eddie Brock (Tom Hardy) er hér á tali við vísindamanninn Carlton Drake (Riz Ahmed) sem á eftir að verða hans helsti andstæðingur.

J A M I E L E E C U R T I S

**NÝTT
Í BÍÓ**
FRUMSÝND
26. OKT.

HALLOWEEN

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

ÁLFABAKKI
 SAMBÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ



First Man

Sannsóleglegt



Aðalhlutverk: Ryan Gosling, Claire Foy, Jason Clarke, Pablo Schreiber, Ciarán Hinds, Christopher Abbott, Kyle Chandler, Corey Stoll og Lukas Haas **Leikstjórn:** Damien Chazelle **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó, Sambíóin Kringlunni og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumstýnd 12. október



Veistu svarið?

Þeir eru margir sem þegar hafa gert því skóna að Ryan Gosling verði tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í *First Man* og yrði það þá hans þriðja tilnefning. Ryan var tilnefndur fyrir *La La Land* eins og flestir vita, en hver var hin myndin?



Hill Nelson

Ferðin til tunglsins

First Man er nýjasta mynd hins margverðlaunaða Óskarsverðlaunahafa Damians Chazelle sem gerði m.a. myndirnar *Whiplash* og *La La Land*. Hér segir hann okkur söguna af Neil Armstrong sem varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið.

Fyrir utan að vera ákaflega áhrifarík er *First Man* stórvirki að því leyti að áhorfendum finnst í raun að þeir séu þátttakendur í hinni mögnuðu tunglferð – sem enginn gat vitað með vissu hvort myndi heppnast þannig að Neil og félagar hans næðu aftur til Jarðar ...




Ryan Gosling leikur geimfarann Neil Armstrong sem þann 20. júlí 1969 varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið.

Punktur

★★★★★ - *Globe & Mail* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *Entertainment Weekly* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter*

- Þegar þetta er skrifað hefur *First Man* verið sýnd á þremur kvikmyndahátíðum og hlotið frábæra dóma eins og sést á stjörnugjöf-inni hér fyrir ofan. Það má því alveg gera ráð fyrir að myndin verði ein þeirra sem keppa munu um helstu kvikmyndaverðlaun ársins.

- Myndin er byggð á bók sagnfræðiprófessorsins og rithöfundarins James R. Hansen, *First Man: The Life of Neil A. Armstrong*, sem kom út árið 2005 og var skrifuð með fullu samþykki Neils sem fyrir utan að veita James viðtöl veitti honum óskoraða heimild til að afla sér hverra þeirra upplýsinga um sig sem hann vildi. Bókin varð því eins sannferðug og framast var kostur um Neil og persónulegt líf hans, bæði fyrir og eftir tunglferðina.



Corey Stoll og Lukas Haas leika þá Buzz Aldrin og Michael Collins, ferðafélaga Neils í hinni sögulegu ferð til tunglsins.



Undir halastjörnu

Spenna / Sakamál



Aðalhlutverk: Tómas Lemarquis, Atli Rafn Sigurðarson, Kaspar Velberg, Paaru Oja, Ingvar E. Sigurðsson og Zlatko Buric
Leikstjórn: Ari Alexander Ergis Magnússon **Bió:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Framsýnd 12. október



Saga um glæp

Kvikmyndin *Undir halastjörnu* sækir innblásturinn í líkfundarmálið svokallaða sem vakti gríðarlega athygli árið 2004, en það hófst þann 4. febrúar sama ár þegar kafari sem var að kanna skemmdir á bryggjumannvirkjum á Neskaupstað fann sundurskorið lík af karlmanni sem hafði verið kastað í sjóinn. Um leið hófst ein umfangsmesta lögreglurannsókn ársins sem leiddi um síðir í ljós að sannleikur málsins var lyginni líkastur.

Undir halastjörnu er fyrsta bíómyndin sem Ari Alexander Ergis Magnússon gerir en hann á m.a. að baki heimildarmyndirnar *Syndir feðranna* og *Gargandi snilld*. Stiklan úr myndinni gefur góða von um að hér sé um hörkumynd að ræða sem vonandi allt íslenskt kvikmyndaáhugafólk mun sjá, en hún verður frumsýnd 12. október.

Undir halastjörnu, sem ber alþjóðlega titilinn *Mihkel*, er framleidd af Friðriki Þór Friðrikssyni, Kristni Þórðarsyni, Leifi B. Dagfinnssyni og leikstjóranum Ara Alexander sem jafnframt skrifaði handritið.



Tómas Lemarquis og Atli Rafn Sigurðarson í hlutverkum sínum sem Bóbbó og Jóhann í spennu- og sakamálamyndinni *Undir halastjörnu*.



Á efri myndinni er Kaspar Velberg í hlutverki sínu sem Igor en á meðal annarra leikara er Ingvar E. Sigurðsson sem leikur Skúla.



Grami göldrótti

Teiknimynd

L 97 mín

Íslensk talsetning: Hjalti Rúnar Jónsson, Vaka Vigfúsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Selma Björnsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson, Steinn Ármann Magnússon og Þórhallur Sigurðsson **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason
Bíó: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 12. október



Ævintýri í töfraveröld

Terry er unglingspiltur sem hefur alist upp hjá ömmu sinni í London þar sem hún rekur skemmtigarð. Þegar fjárhagsörðugleikar eru við það að setja skemmtigarðinn á hausinn gerist nokkuð óvænt og Terry er fyrir töfra fluttur yfir í ævintýraheim þar sem hann fær það verkefni að bjarga prinsessu og stöðva hinn göldróttu Grama, en hann hefur ákveðið að banna alla hamingju í veröldinni. Það má honum auðvitað ekki takast!

Grami göldrótti er eldfjörug og myndin teiknimynd eftir Andrés Couturier sem sækir bæði karakterana og innblásturinn að sögunni í teiknimyndaseríu sem gerði það gott á sjöunda áratug síðustu aldar í bandarísku sjónvarpi og nefndist *Here Comes the Grump*.

Grami galdrakarl er ekki alvondur þótt flestir hræðist hann. Honum er bara meinilla við að þeir sem búa í ríki hans séu hamingjusamir og hefur því alfarið bannað hamingjuna með göldrum. Við það er prinsessan Dögun ekki sátt og grípur það því fegins hendi þegar Terry birtist skyndilega úr mannheimum að fá hann í lið með sér við að eyða álögum Grama. Um leið þarf Terry að finna sem fyrst leiðina heim aftur þar sem skemmtigarðurinn bíður hans!





The Music of Silence

Sannsögulegt

9

115 min

Aðalhlutverk: Toby Sebastian, Antonio Banderas, Luisa Ranieri og Jordi Mollà **Leikstjórn:** Michael Radford
Bíó: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík

Frumskýnd 19. október

Söngurinn er lífið

Sönn saga ítalska söngvarans **Andrea Bocelli** sem fæddist með augnsjúkdóm og varð endanlega blindur 12 ára að aldri. Myndin er byggð á hans eigin æskuminningum og fylgir honum síðan í gegnum tónlistarnám hans.

The Music of Silence er gerð af Michael Radford sem á margar góðar myndir að baki og má þar nefna *1984*, *Il Postino: The Postman* (sem færði honum BAFTA-verðlaunin og önnur verðlaun), *The Merchant of Venice*, *Flawless* og *The Mule*.


Andrea Bocelli, sem í myndinni er látinn heita Amos Bardi, fæddist 22. september 1958 og er því nýlega orðinn sextugur. Hann sýndi snemma mikinn áhuga á tónlist og byrjaði í píanókennslu aðeins sex ára að aldri. Á næstu árum lærði hann einnig að spila á önnur hljóðfæri eins og flautu, básúnu, saxófón, trompet, gítar og trommur um leið og áhugi hans á söng óx með hverju árinu.

Fram að tólf ára aldri hafði Andrea glímt við alvarlega sjóndepru eftir að hafa fæðst með augnsjúkdóminn gláku. Þá gerðist það slys að hann fékk bolta í augað af miklum krafti sem orsakaði algjöran sjónmissi þrátt fyrir að lækna hefðu gert sitt ítrasta til að bjarga sjón hans.

14 ára að aldri vann Andrea sína fyrstu söngkeppni og eftir menntaskóla lagði hann stund á laganám sem hann fjármagnaði með því að syngja á börum og veitingahúsum. Smám saman á næstu árum tók svo söngurinn allt yfir ...



Leikstjóri myndarinnar, Michael Radford, ásamt Toby Sebastian sem leikur Amos Bardi (Andrea Bocelli) og Antonio Banderas sem leikur kennara hans.



Billionaire Boys Club

Sannsögulegt

12

108 min

Aðalhlutverk: Ansel Elgort, Taron Egerton, Kevin Spacey, Emma Roberts, Rosanna Arquette, Cary Elwes, Judd Nelson og Jeremy Irvine **Leikstjórn:** James Cox **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík

Frumskýnd 19. október

Mikið vill meira

Nokkrir ungir menn úr Harvard-háskóla, sem eiga það líka sameiginlegt að tilheyra vel stæðum fjölskyldum, ákveða að taka þátt í ponzi-svindli sem eins og flestir vita getur ekki gengið upp til lengdar. Í tilfelli þessara ungu manna urðu afleiðingarnar samt enn verri en þær hefðu þurft að verða.

BBC-klúbburinn, sem hét reyndar Bombay Bicycle Club en fékk svo á sig viðurnefnið Billionaire Boys Club, var stofnaður árið 1983 af Joseph „Joe“ Henry Hunt. Félagar gátu þeir einir orðið sem áttu peninga og stunduðu nám í Harvard-háskólanum í Suður-Kaliforníu, en sá skóli heitir í dag Harvard-Westlake School. Markmið klúbbsins var að afla meiri peninga til að standa undir dýrum lífsstíl meðlimanna og það gerði hann um skamma hríð undir stjórn Joes Hunt. En þegar svindlara að nafni Ron Levin tókst að hafa út úr klúbbum fjórar milljónir dollara hófst vofveifleg atburðarás sem átti eftir að enda með tveimur morðum ...



Ansel Elgort og Taron Egerton leika þá Joe Hunt og Dean Karny í *Billionaire Boys Club*.




Bad Times at the El Royale

Spenna / Ráðgáta / Fléttur



Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Jon Hamm, Dakota Johnson, Jeff Bridges, Nick Offerman, Cynthia Erivo, Katharine Isabelle, Lewis Pullman og Alvina August **Leikstjórn:** Drew Goddard **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 19. október



Dakota Johnson leikur Emily Summerspring í *Bad Times at the El Royale*.

Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem Chris Hemsworth og Drew Goddard vinna saman en Chris lék eitt aðalhlutverkið í fyrstu mynd hans, *The Cabin in the Woods* árið 2012. Hvaða þekkti *Avengers*-leikstjóri var meðhöfundur handritsins að þeirri mynd?



Joss Whedon

Sjö einstaklingar – sjö leyndarmál

Sjö gerólikir einstaklingar, sem allir hafa einhverju að leynd, hittast á El Royale-hótelinu við Tahoe-vatn þar sem skuggaleg fortíðin svifur yfir vötnum. Á einum sólarhring fær allt þetta fólk tækifæri til að gera yfirbót – áður en allt fer til andskotans.

Bad Times at the El Royale hefur um nokkurra mánaða skeið verið ein áhugaverðasta mynd haustsins vegna þess hversu mikil leynd hefur ríkt yfir innihaldi hennar. Við vitum jú að sagan gerist á einum sólarhring og segir frá sjö ólíkum einstaklingum sem hittast á El Royale-hótelinu, en það stendur þannig á ríkjamörkum Nevada og Kaliforníu að helmingur herbergjanna er Nevada-megin en hinn helmingurinn Kaliforníu-megin. Gestir geta sem sagt valið í hvoru ríkinu þeir gista. Við vitum líka að þessir sjö einstaklingar eru ekki allir þar sem þeir eru séðir og að til uppgjör kemur. Hins vegar vitum við ekki hvers konar uppgjör það er né hvort það sé innbyrðis uppgjör sögupersónanna eða gagnvart einhverjum öðrum. En þetta kemur auðvitað allt í ljós þegar myndin verður frumsýnd ...



Þrír af gestunum sjö sem gera málin upp á El Royale eru þau Laramie, Daniel og Darlene sem Jon Hamm, Jeff Bridges og Cynthia Erivo leika.

Punktur

- Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er Drew Goddard sem hefur það m.a. á afrekaskránni að hafa skrifað handrit myndanna *The Martian*, *Cloverfield* og *World War Z* auk handrits myndarinnar *The Cabin in the Woods* sem hann leikstýrði einnig.

- Hermt er að Chris Hemsworth hafi losað sig við 12–15 kíló af vöðva-massanum sem hann safnaði fyrir hlutverk þórs í *Avengers*-myndinni *Infinity Wars* til að geta leikið Billy Lee í *Bad Times at the El Royale*.



Chris Hemsworth leikur Billy Lee sem eins og aðrir gestir á El Royale-hótelinu er ekki allur þar sem hann er séður.



Halloween

Tryllir



Aðalhlutverk: Jamie Lee Curtis, Nick Castle, Judy Greer, Will Patton, Andi Matichak, Rhian Rees, Toby Huss, James Jude Courtney og Jefferson Hall **Leikstjórn:** David Gordon Green **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóin Álfabakka og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 26. október



Rhian Rees leikur Dönu sem gæti endað í klóm Michaels Myers.

Veistu svarið?

Fyrsta *Halloween*-myndin 1978 var einnig fyrsta bíómyndin sem Jamie Lee Curtis lék í, en hún hafði þá aðallega leikið í sjónvarpsþáttum. Næsta mynd hennar, sem var frumsýnd 1980, var einnig eftir John Carpenter. Hvaða mynd var það?



The Fog

Fjörutíu árum síðar ...

Fjörutíu árum eftir að Michael Myers myrta þrjá á hrekkjavökunni snýr hann aftur til að ljúka verkinu. En í þetta sinn er Laurie Stroder, sem slapp naumlega undan honum árið 1978, tilbúin.

Myndin *Halloween* sem John Carpenter sendi frá sér árið 1978 er af mörgum talin einn besti tryllir allra tíma. Í þessari nýju mynd eftir David Gordon Green sem frumsýnd verður 26. október er gert ráð fyrir að engar framhaldsmyndir hafi verið gerðar og er sagan hér því beint framhald af fyrstu myndinni ... fyrir utan að fjörutíu ár hafa liðið frá atburðinum í henni. En Michael Myers hefur engu gleymt ...



Jamie Lee Curtis leikur á ný Laurie Stroder sem er við öllu búin en vonar að þetta verði í síðasta sinn sem hún þarf að takast á við Michael Myers.

Punktar

★★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *Globe & Mail*
 ★★★★★ - *The Film Stage* ★★★★★ - *Entertainment Weekly*
 ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter*

- *Halloween* var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto 8. september og hlaut afar góða dóma áhorfenda og gagnrýnenda eins og sjá má á stjörnujöfni hér fyrir ofan. Á *Imdb.com* er hún með 8,1 í meðaleinkunn frá tæplega þúsund notendum þegar þetta er skrifað.
- Michael Myers er í þetta sinn leikinn af tveimur mönnum, annars vegar af James Jude Courtney og hins vegar af Nick Castle sem lék hann í upphaflegu myndinni 1978. Áhorfendur munu átta sig á hvers vegna þessi háttur var hafður á þegar þeir sjá myndina.
- John Carpenter, skapari Michaels Myers og *Halloween*-myndanna, er einn af framleiðendum þessarar myndar auk þess sem hann samdi tónlistina ásamt syni sínum Cody og Daniel A. Davies.



Hinn morðóði Michael Myers er staðráðinn í að ganga frá Laurie dauðri.



Belleville Cop

Gamanmynd / Hasar

Aldurstakmark ekki fyrirleggjandi fyrir prentun **110 mín**

Aðalhlutverk: Omar Sy, Luis Guzmán, Biyouna, Franck Gastambide, Julie Ferrier, Eriq Ebouaney og Paulina Gálvez **Leikstjórn:** Rachid Bouchareb **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 26. október



Veistu svarið?

Eins og flestir sem fylgjast með kvikmyndum vita skaust hinn skemmtilegi leikari Omar Sy upp á stjörnuhimininn þegar hann lék annað aðalhlutverk í myndinni *Intouchables* árið 2011. En hvað heitir leikarinn sem lék á móti honum þar?



Fransöis Cluzet

Brostu. Baaba er mættur í bæinn.

Þegar æskuvinnur lögreglumannsins Sebastians „Baaba“ Bouchard er myrtur af glæpamönnum sem gera út frá Miami í Flórída kemur ekkert annað til greina fyrir hann en að skella sér vestur yfir haf og ganga á milli bols og höfuðs á þeim seku.

Belleville Cop, eða *Le Flic de Belleville* eins og hún heitir á frönsku, lofar mjög góðu fyrir þá sem gaman hafa af frönskum húmor og ekki skemmir fyrir að hér er skemmtilegum hasar blandað saman við þannig að úr verður eldfjörug skemmtun frá upphafi til enda.

Baaba, eins og Sebastian er alltaf kallaður, hefur allan sinn aldur haldið til í Belleville-hverfinu í París þar sem hann býr hjá mömmu sinni og þekkir hvern krók og kima. Það hefur komið sér vel eftir að hann gerðist lögreglumaður og uppgötvaði að hann hefur einnig mikla hæfileika sem bardagamaður og er í ofanálag góð skytta.

En Miami er allt annar staður en Belleville og spurningin er hvort aðferðirnar sem Baaba hefur notað á heimavelli sínum dugi einnig í baráttu við harðsvíraða eiturfjakaþöngu í Bandaríkjunum. Sér til halds og traust fær Baaba aðstoð frá lögreglumanninum Ricardo Garcia og hver veit nema þeir eigi eftir að mála bæinn rauðan ...



Þegar Baaba kemur til Miami gengur hann í lið með lögreglumanninum Ricardo Garcia (Luis Guzmán) sem er öllum hnútum kunnugur í borginni en vill, öfugt við Baaba, helst vinna eftir bókinni.

Punktur

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Rachid Bouchareb, er margverðlaunaður í gegnum árin, eins og t.d. fyrir myndirnar *Cheb*, *Little Senegal*, *Days of Glory*, *London River*, *Indigènes* og *Bâton Rouge*. Hann hefur m.a. fimm sinnum verið tilnefndur til César-verðlaunanna og margoft átt myndir á t.d. kvikmyndahátíðunum í Berlín og Cannes sem keppt hafa um helstu verðlaunin.



Baaba lætur sér fátt fyrir brjósti brenna þegar baráttan við glæpamenn er annars vegar og er bæði snjall bardagamaður og góð skytta.



Hunter Killer

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Gerard Butler, Gary Oldman, Common, Zane Holtz, Caroline Goodall, Alexander Diachenko, Michael Nyqvist, Ilia Volok og Mikhail Gorevoy **Leikstjórn:** Donovan Marsh **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbió, Eyjabíó, Skjaldborgarbió og Króksbió

Frumskýnd 26. október



Gary Oldman leikur aðmírálinn Charles Donnegan sem stendur eins og öll stjórn hersins frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.

Veistu svarið?

Gerard Butler hefur verið duglegur á undanförunum árum við framleiðslu og leik í kvikmyndum og það er ekki lengra síðan en í janúar sem síðasta myndin með honum í aðalhlutverki var frumsýnd. Hvað heitir hún?



Den of Thieves.

Hugrekki er ekki nóg

Þegar rússneskur hershöfðingi gerir uppreisn, fangar forseta Rússlands og gerir tilraun til að koma þriðju heimsstyrjöldinni af stað og endurreisa um leið gömlu Sovétríkin, þurfa Bandarísk stjórnvöld að bregðast skjótt við ef ekki á illa að fara.

Spennu- og hasarmyndin *Hunter Killer* eftir leikstjórnann Donovan Marsh (*Spud*) lofar góðu ef marka má hörkugóðar stíklurnar, en á bak við gerð hennar stendur sama framleiðsluteymi og gerði t.d. *Fast and Furious* og *London Has Fallen*.

Gerard Butler leikur hér kafbátaskipstjórnann Joe Glass sem ásamt áhöfn sinni stendur skyndilega frammi fyrir vá sem gæti hæglega hrundið af stað þriðju heimsstyrjöldinni. Til að eiga möguleika á að koma í veg fyrir það verður Joe að hætta bæði sér og mönnum sínum inn á rússneskt yfirráðasvæði í tilraun til að frelsa rússneska forsetann úr klóm uppreisnarmanna. Eins og gefur að skilja er slík aðgerð enginn hægðarleikur, jafnvel þótt hugrekkið sé til staðar ...



Gerard Butler leikur kafbátaforingjann Joe Glass sem fær það lífshættulega verkefni að frelsa rússneska forsetann úr klóm uppreisnarmanna.

Punktur

• *Hunter Killer* er byggð á bókinni *Firing Point* sem kom út árið 2012 og er eftir þá George Wallace og Don Keith, en sá fyrirnefndi er fyrrverandi yfirmaður í kafbátaflota bandaríska hersins og sá síðarnefndi sérfræðingur í kafbátasögunni. Í myndinni var því mikil áhersla lögð á að sviðsmynd og allur aðbúnaður um borð í kafbátum sem sagan gerist í að hluta sé nákvæmur, þótt sagan sé að öðru leyti skáldskapur.



Sænski leikarinn Michael Nyqvist leikur rússneska kafbátaforingjann Andropov, en *Hunter Killer* varð síðasta myndin sem Michael lék í.